

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	
02 APR. 2009 42.20	
Tilv.	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. apríl 2009
Tilvísun: UST20090300110/bs

Líparítvinnsla Sementsverksmiðjunnar á Akranesi í Hvalfirði, Hvalfjarðarsveit. Tillaga að matsáætlun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 13. mars 2009 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.


Umhverfisstofnun telur að gera þurfi frekari grein fyrir eftirfarandi atriðum:


Gera þarf grein fyrir frágangi námu 3. Sérstaklega verði gerð grein fyrir því hvernig staðið verði að landmótun á því svæði þar sem efnistöku er lokið, en einnig á fyrirhuguðu efnistökusvæði, jafnframt því sem jarðfræðilega áhugaverðar opnur verða áfram aðgengilegar á námusvæðinu. Einnig verði kannað hvort unnt verði að ganga frá námusvæðinu samhliða efnistöku til að minnka sjónræn áhrif efnistökkunnar.

Gera ætti grein fyrir frágangi námu 2 og annarra ummerkja eftir efnistöku s.s. aflagðir námuvegir og plön.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir. Stofnunin telur að í umræddri tillögu að matsáætlun sé gerð fullnægjandi grein fyrir framkvæmdinni og þeim atriðum nema því sem hér að ofan greinir.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri